

Lagt fyrir 386. fund velferðarráðs 18. nóvember 2020  
VEL2020090038  
RÁ/kg/sea

## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu verkefna miðað við aðgerðaáætlun og markmið Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir.***

Þann 16. september 2020 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

*Óskað er eftir upplýsingum um hver staða verkefna er miðað við aðgerðaráætlun og markmið Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir?*

**Svar:**

Velferðarráð samþykkti stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar stuðningsþarfir á fundi þann 5. júní 2019. Í stefnunni eru settar fram 32 aðgerðir sem á að vinna á næstu fjórum árum. Meðal annars um stofnun heimilis fyrir konur með tvígreindan vanda, þ.e. geðrænan vanda og vímuefnaneyslu, eflingu VOR teymis velferðarsviðs, úthlutun í 20 til 25 smáhýsi á vegum sviðsins, kaup á fleiri íbúðum fyrir þennan hóp, setja nýtt neyðarskýli á laggimar, skoða stöðu kvenna sérstaklega auk þess að efla fræðslu og þekkingu á þeim vanda sem fólk í vímuefnaneyslu á við að etja.

Flest verkefnanna eru komin af stað og sumum lokið þó önnur séu viðvarandi, s.s. fræðsla og samráð. Nýtt heimili fyrir sex konur var opnað í lok árs 2019, verið er að undirbúa stofnun áfangaheimilis fyrir konur í miðborginni, fimm smáhýsi eru komin í Gufunes og von er á 20 smáhúsum víða um borgina.

Þær aðgerðir sem ekki hefur verið unnið að og ljúka átti á tímabilinu 2019-2020 lúta að greiningu á því hvernig hægt er að koma á mótis við húsnæðisþarfir ungmenna sem hafa lotið forsjá Barnaverndanefndar, greiningu á starfsumhverfi starfsmanna í málaflokknum og að koma á notendaráðum í sértæku húsnæði.

Fylgiskjal:

Yfirlitsskjal um stöðu verkefna á grundvelli stefnunnar dags. 13. okt. 2020